

[Type here]

## Fyrsti fundur Umhverfisnefndar 2018-19 haldinn 10.september 2018 klukkan 13:00

*Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Rúnar Smári, Stefanía Guðrún, Gunnar Ingi og Hilmar Nói. Fulltrúar starfsfólks: Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri og Dóra Esther Einarsdóttir deildarstjóri. Fulltrúi foreldra: var fjarverandi.*

Fyrsti umhverfisnefndar fundur vetrarins 10.september. Guðrún setti fundinn og kynnti sig. Farið var yfir fundarreglur. Börnin mundu að við notum inni röddina, einn að tala í einu og rétta upp hendi. Fundarstjóri segir nafnið okkar þegar við megum tala.

Byrjuðum á að rifja upp hvað við ræddum á síðasta fundi. Við ræddum um orkuna. Börnin þurftu smá upprifjun um hvað var rætt því langt var síðan við höfðum síðasta fund. Á síðasta fundi skoðuðum við sólina, gerðum rafmagnstilraun með blöðrum, nudduðum líka blöðruna á gólfmottuna og notuðum líka lopavettlinga. Það kom í ljós á þessum fundi að við höfðum gleymt að gera eitt af því sem við höfðum ætlað okkur að gera. Við gleymdum að hafa rafmagnslausan dag.

Bráðum á leikskólinn 30 ára afmæli. Vonandi verður nýja húsið okkar tilbúið. Við vonumst til að fá nýjan grænfána á afmælisdeginum.

Einnig rifjuðum við upp hvað grænfána merkið þýðir. Guðrún spurði börnin hvað við sjáum á fánanum. Börnin sáu bók. Við ræddum til hvers við þurfum bækur og hvað við gerum við bækur. Börnin voru sammála að við notum bækur til að skoða, skoðum t.d. myndir, finnum upplýsingar ef við þurfum að vita eitthvað meira.

Guðrún spurði börnin hvað væri meira á fánanum. Börnin sáu tré á fánanum. Afhverju er tré á fánanum spurði Guðrún. Börnin voru ekki alveg viss svo Guðrún útskýrði fyrir þeim að tréð er eins og maður því að bæði tréð og við erum hluti af náttúrunni. Við ræddum að við megum ekki henda rusli og fara illa með náttúruna.

Við veltum fyrir okkur hvað við gerum við ruslið sem kemur frá okkur. Börnin voru alveg viss um að sumt setjum við í ruslatunnur en annað flokkum við í flokkunarkassana. t.d. plast á einn stað, pappi á einn stað osfrv. Stundum reynum við að fönndra úr því.

Guðrún spurði börnin hvort þau vissu hvað hringurinn utan um tréð táknaði. Hringurinn táknar jörðina. Allir voru sammála að í fánanum eru þrjú litir. Börnin voru alveg með á hreinu að það er grænn, blár og hvítur. Guðrún sagði okkur hvað hver litur táknar í fánanum, hvítur táknar hreinleika og snjó, grænn táknar grasið og blár táknar himinn og hafið.

Til þess að við getum fengið nýjan fána þurfum við að byrja á nýju verkefni og ætlum við að taka fyrir neyslu. Guðrún spurði börnin hvort þau vissu hvað væri neysla. Börnin voru ekki alveg klár á því hvað neysla er, þeim fannst þetta erfitt orð og ætlum við að skoða í orðabók hvað þetta orð þýðir. Neysla getur þýtt rosalega margt t.d. hvað við borðum, hvort við megum setja rosalega mikið á diskinn okkar, klára svo ekki matinn okkar og setja það allt í svanga manga. Börnunum fannst það ekki nógu gott.

[Type here]

Guðrún spurði börnin hvort við mættum fara illa með dótið okkar og kaupa alltaf nýtt og nýtt dót. Nei börnunum fannst það ekki í lagi, því þá eyðum við öllum peningunum og þeir klárast bara. Guðrún spurði þá börnin ef dót bilaði hvort við ættum þá að henda því, eða hvort það væri eitthvað annað sem við gætum gert? Börnin voru sammála um það að við getum lagað dótið. Þau voru líka viss um að við gætum líka lagað föt ef þau eru eitthvað biluð t.d. að sauma þau.

Vonandi kemur einhver til að sjá hvort við séum að fylgja öllu svo við getum fengið nýjan grænfána á afmælinu okkar.

Við þurfum að skoða vel verkefnið um neyslu. En við þurfum líka að skoða nöfn á nýju deildarnar okkar. Við viljum ekki láta þær heita bara eldri og yngri deild. Gunna útskýrði hvað orðið deild þýðir. Ein deild er næstum því eins og einn leikskóli fyrir litlu krakkana og einn leikskóli fyrir eldri krakkana. Eldri börnin verða í nýja húsinu en yngri í hinu húsinu. Guðrún og Dóra spurðu börnin hvað við eigum að láta nýja leikskólann/deildina heita? Eitt barn kom með þá hugmynd að láta deildina heita stóraborð. Dóra kom með þá hugmynd að eldri deildin myndi heita Sjónarhóll, vegna þess að deildin okkar er svo nálægt hólnum okkar og þegar við förum upp á hól þá sjáum við yfir allt. Börnunum leist vel á þá hugmynd. Dóra kom líka með hugmynd að láta eldri deildina heita Stóra borg. Hvað gæti deildin heitið fyrir yngri börnin? Gæti hún kannski heitið Litlaborg? Börnin voru jákvæð fyrir því. Hvöttum við börnin til að hugsa um einhver nöfn í þessari viku fyrir deildarnar og láta okkur kennarana vita ef þeim dytti eitthvað í hug. Dóra kom með þá hugmynd að deildin hjá litlu gæti heitið Dverghamrar því litlu börnin eru minni en við.

Við ætlum að hafa kosningu til að velja nöfn á deildirnar. Börnin vissu ekki hvað kosning er og útskýrði Guðrún fyrir þeim að þá setjum við allar hugmyndinar niður á blað og gerum svo strik við það nafn sem við viljum að deildin heiti. Þegar allir eru búnir að kjósa teljum við atkvæðin og veljum nafnið sem flestir kusu. Meirihlutinn ræður. Börnin voru spennt að hafa kosningu.

Fyrir næsta umhverfisnefndarfund ætlum við að vera búin að velja og kjósa nöfn á deildarnar. Helst viljum við reyna að vera búin að kjósa um nöfn fyrir afmæli leikskólans. Við ætlum að bjóða ömmu og afa og mömmu og pabba í afmælið. Hvernig getum við boðið þeim í afmælið? Guðrún kom með þá hugmynd að kalla út um hurðina. En Rúnar var alveg viss um að þau myndu ekki heyra í okkur þá, hann vildi frekar opna gluggann. Rúnar skipti svo um skoðun því mamma myndi ekki heyra í honum út í skóla. Við komum með hugmynd að búa til boðskort fyrir þau við gætum kannski teiknað einhverja mynd á boðskortið. Við ætlum að vera búin að útbúa boðskort fyrir næsta fund.

Að lokum þakkaði Guðrún fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi

Fundargerð

Dóra Esther Einarsdóttir